

Efni: Skýrsla Suðurlandsdeildar félagsráðgjafa.

Suðurlandsdeild félagsráðgjafa hefur ekki haft skipulagðan viðburð á síðasta starfsári en til stendur að efna til fræðsluferðar í vor eða byrjun sumars, til Vestmannaeyja.

Félagsráðgjafar á suðurlandi vinna engu að síður þétt saman og hafa reglulega samráð varðandi þá þjónustu sem þeir veita á sínum starfsstað. Facebooksíða deildarinnar er nokkuð virk og eiga sér þar stað samskipti sem efla tengsl.

Í kjölfar Félagsráðgjafapingsins í febrúar síðast liðinn, hittist hluti félagsráðgjafa á suðurlandi og átti saman skemmtilega kvöldstund. Var samrómur um að efna oftari til slíkra samvera utan vinnutíma.

Félagsráðgjafar sem hafa sinnt hlutverki starfsþjálfunarkennara, hafa samskipti sín á milli og veita nemum sínum tækifæri til að kynnast þjónustu annarra starfsstaða á námstímanum. Teljum við það mikilvægt í námi félagsráðgjafanema að fá innsýn inn í þau úrræði og þjónustu sem veitt er á svæðinu samhliða því að læra á sínum starfsþjálfunarstað.

Með kveðju,

Svanhildur Ólafsdóttir
Félagsráðgjafi MA